

ALÞINGISKOSNINGAR

29. OKTÓBER 2016

Auglýsing frá yfirkjörstjórnnum Reykjavíkurborgardæma norður og suður um móttöku framboðslista og aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag

Framboðsfrestur til Alþingiskosninga rennur út föstudaginn 14. október nk. kl. 12 á hádeggi.

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurborgardæma norður og suður taka á móti framboðslistum miðvikudaginn 12. október kl. 10-12 og aftur föstudaginn 14. október kl. 10-12 í fundarherbergi borgarráðs, Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu.

Á framboðslista skulu vera 22 nöfn frambjóðenda. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælenda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 330 að lágmarki og 440 að hámarki.

Enginn kjósendi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir strikast nafn kjóсандans út í báðum/öllum tilvikum. Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Allar framangreindar yfirlýsingar skulu ritaðar eigin hendi.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Mælt er til að framboðslistum og listum yfir meðmælendur verði einnig skilað á rafrænu formi. Bent er á að meðmælendalista má slá inn á þar til gert vefsvæði á www.island.is.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 29. október nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmis norður í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem talning atkvæða mun fara fram að kjörfundi loknum. Aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmis suður verður í Hagaskóla og að kjörfundi loknum fer talning atkvæða fram í íþróttahúsinu við Hagaskóla.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.kosning.is eða með því að hafa samband við skrifstofu borgarstjórnar í s. 411-4700 eða með tölvupósti á kosningar@reykjavik.is.

Reykjavík, 1. október 2016

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis norður

Erla S. Árnadóttir
Páll Halldórsson
Fanný Gunnarsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Tómas Hrafn Sveinsson

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis suður

Sveinn Sveinsson
Sjöfn Ingólfssdóttir
Puríður Jónsdóttir
Heimir Örn Herbertsson
Þóra Hallgrímsdóttir